

Tillaga að

STARFSLEYFI

UST202310-148

Landeldi á laxfiskum

Geo Salmo ehf.,

Laxabraut 45-61, Þorlákshöfn

Kt.: 540421-1450

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Geo Salmo ehf., kt. 540421-1450, fyrir landeldi á laxfiskum í Þorlákshöfn. Geo Salmo ehf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði breytingar á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verkata með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlunar.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til landeldis á laxfiskum að Laxabraut 45-61 í Þorlákshöfn. Hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 12.160 tonn.

1.3 Eftirlit

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tíðni vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggta á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar, á vefsþæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur. Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.

Breytingin skal vera í samræmi við matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar, sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ef við á.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun) og neyðaráætlun

Áætlun skal vera til staðar verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt. Annars vegar skal þar fjallað um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal m.a. gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnun, búnaði, geymum, óunnu hráefni, afurðum, mannvirkjum, lögnum, tækjum og rekstrarsvæði. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlánir um frágang ef hann telur þörf á. Í áætlunum skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og tryggja að hráefni sem tilheyrir rekstrinum sé ekki skilið eftir á svæðinu. Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Gera skal brunavörnum viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk á eldisstöðinni ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megi út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfis- og orkustofnun er einnig skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið, meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Niðurstöður umhverfisvöktunar, sbr. gr. 5.1, benda til þess eða Umhverfis- og orkustofnun hefur með öðrum hætti upplýsingar um uppsöfnun næringarefna eða að aðrar óhagstæðar aðstæður í umhverfinu eða náttúrunni hafi komið upp.
- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskylt er sbr. gr. 1.4.
- Ef mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðakröfum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir nærliggjandi vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breyting verður á skipulagi, sbr. skipulagslög nr. 123/2010.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Rekstraraðili skal, sé þess óskað af útgefanda starfsleyfis, leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.

1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili tafarlaust upplýsa eftirlitsaðila um það og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Uppfylli rekstraraðili ekki ákvæði starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, og fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur vegna þess, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfis- og orkustofnun getur lagt á stjórnavaldaðssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við reglugerð nr. 550/2018.

Umhverfis- og orkustofnun birtir eftirlitsniðurstöður og önnur viðeigandi gögn samkvæmt gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingarstefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfis- og orkustofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

2 STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við reksturinn. Rekstraraðili skal tryggja eins og best verður á kosið með markvissum vinnubrögðum að halda mengun lofts, láðs og lagar í lágmarki. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfis- og orkustofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

2.3 Verkstjórн og takmörkun aðgangs

Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað. Tryggja skal kennslu og æfingu í viðbrögðum við mengunaróhöppum. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Starfsfólk skal vera þjálfað til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað stöðvarinnar.

Rekstraraðila er skyld að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Rekstraraðila skal sýna ítrrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Eftirlitsaðili getur krafist lagfærings og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar, öryggis eða ef ástand þeirra er til lýta eða hættu fyrir umhverfið.

Takmarka skal aðgang óviðkomandi að vinnusvæði þannig að almenningi stafi ekki hætta af starfseminni.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfis- og orkustofnunar. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila. Hana skal endurskoða á a.m.k. fjögurra ára fresti.

2.6 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem geta haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnað tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna - 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal viðeigandi heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

2.7 Tryggingar vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfis- og orkustofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfis- og orkustofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftifarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarþáttur er óverulegur.

- Mælingum hafi áður verið fjöldað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 VARNIR GEKN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) á hverjum tíma sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambærðar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar skv. gr. 1.6.

3.2 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

3.3 Auðlindanýting

Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er. Aðföng og orku skal nýta á sem bestan hátt ásamt því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif eldisvatnsins sbr. gr. 3.1.

3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í frárennsli má ekki fara yfir 10,0 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim eftirnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

3.5 Losun og frágangur við útrás frárennslis

Frárennsli skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.¹ Mannvirki við útrás frárennslis skal tryggilega frágengið þannig að það sé viðunandi rennsli. Viðunandi rennsli einkennist af því að ekki myndist pollar eða að sjá megi uppsöfnun næringarefna nærrí útrásinni. Umhverfis- og orkustofnun getur skilgreint nánar hvort rennslið sé viðunandi og gert kröfu um úrbætur. Taka skal myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring á tveggja mánaða fresti. Teikningar og gögn um fráveitu skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila sé kallað eftir þeim.

Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði sem hreinsar frárennslid svo að minnsta kosti 75% fastefnis verði síða fráfrárennslisvatni áður en því er veitt í viðtaka. Umhverfis- og orkustofnun getur farið

¹ Rekstraraðili er með undanþágu frá heilbrigðisnefnd Suðurlands, sbr. 7. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999.

fram á breytingar á fyrirkomulagi hreinsunar bendi mælingar til að losun sé yfir mörkum sem sett eru í starfsleyfi.

Verði vart við uppsöfnun mengunarefna við útrásina getur Umhverfis- og orkustofnun sett rekstraraðila frest til að framkvæma einhverja eftirfarandi aðgerða eða fleiri aðgerðir í einu:

- Frágangur útrásar sé bættur eða viðtakatjörn hreinsuð.
- Frárennslisvatn verði vel hreinsað með frekari hætti.
- Rekstraraðila verði gert að finna aðra varanlega lausn á málinu.

Í alvarlegri tilvikum getur Umhverfis- og orkustofnun beitt ákvæðum gr. 1.7.

Við útrásir þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka, sbr. gr. 3.4, má ekki vera:

- Set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir).
- Olía eða froða.
- Sorp eða aðrir aðskotahlutir.
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

3.6 Lífríki og flokkun vatns

Starfsemin losar í vatnshlotin Stokkseyri að Þorlákshöfn nr. 103-1341-C² og Þorlákshöfn að Höfnum 104-1383-C sem eru endanlegir viðtakar. Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu vatnshlot ná umhverfismarkmiðum sínum um að minnsta kosti gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand. Samkvæmt 12. gr. laga um stjórn vatnamála má ástand vatnshlotha ekki versna og eiga vatnshlot að ná umhverfismarkmiðum sínum. Gæðaþættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlotha eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlotha, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflotka í vatnaáætlun. Vöktun vatns vegna starfseminnar skal fara fram í samræmi við gr. 4.3, 5.1 og sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 36/2011.

3.7 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Rekstraraðili skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal vera aðskilið frá fráveitu eldisins.

3.8 Meindýrvarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að útrás stöðvarinnar. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

3.9 Dauðfiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en það er losað í viðtaka. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði gr. 3.10 um lífbrjótanlegan úrgang

² Vatnshlotanúmer eru skilgreind skv. III. kafla laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og er flokkunin aðgengileg á Vatnavefsjánni (vatnshlotha vefsjá) Veðurstofu Íslands.

og reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

3.10 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Meðferð úrgangs og spilliefna skal fara eftir lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs auk reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Fullnýta skal hráefni og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er og þannig skal draga skipulega úr myndun úrgangs. Öllum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Skrá skal spilliefni sem myndast vegna starfseminnar, skv. 11. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni í samræmi við reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Þá skal tryggt að starfsmenn hafi þekkingu á geymslu og meðhöndlun spilliefna og mögulegri hættu sem af þeim getur stafað. Skila skal þeim spilliefnum sem verða til við vinnsluna, eða starfsemi sem tengist henni, til viðurkenndrar spilliefnamóttöku gegn afhendingu kvittunar. Ávallt skal gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum.

Fastefni sem hreinsað er úr frárennsli skal endurnýta eins og kostur er. Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Áætlunin skal m.a. taka til endurnýtingu lífbrjótanlegs úrgangs (þ.m.t. fastefnis úr frárennsli) og innihalda tímasett skref þar sem endurnýting kemur í stað förgunar með urðun. Ef þörf er á skal áætlunin uppfærð. Óheimilt að farga úrgangi og spilliefnum um niðurföll. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum, mengandi efnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, sjó, yfirborðsvatn eða grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

3.11 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerðum settum samkvæmt þeim og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem talin eru geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunum skv. gr. 2.6.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, sjó, yfirborðsvatn eða grunnvatn.

4 INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftifarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

- Lífmassaaukning, framleiðsla og afföll ársins,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,

- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans,
- staðfesting á að þjálfun starfsmanna hafi farið fram sbr. gr. 2.3.,
- magn næringarefna í frárennsli (losunarmælingar) sbr. gr. 4.3,
- niðurstöður mælinga,
- tæmingu olíugildra,
- hreinsun á mengunarvarnabúnaði,
- myndir af útrás sbr. gr. 3.5,
- lyfjagjöf.

4.2 Búnaður til sýnatöku

Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli áður en því er veitt til sjávar. Umhverfis- og orkustofnun getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið skuli að sýnatöku og hvaða aðila skuli falið að taka sýni.

4.3 Sýnataka úr frárennsli og strandsjávarvatnshloti

Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis í viðtaka. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5) a.m.k. tvísvar á ári en fjöldu mælinga er hægt að endurskoða, sbr. gr. 2.6.

Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við útrás frárennslis frá stöðinni annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Ef fóðrun er jöfn allt árið skulu mælingar gerðar tvísvar á ári og skulu líða a.m.k. fjórir mánuðir á milli mælinga. Fjöldu mælinga er hægt að endurskoða, sbr. gr. 2.8. Fylgjast skal árlega með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis, út frá mældum gildum og útreikningum frá fóðurnotkun. Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila sbr. gr. 4.4. Meta skal virkni hreinsibúnaðar eldisvatns í frárennsli við útrás, sbr. gr. 3.4 og 3.5, og ákvárdanir tekna um hvort bregðast þurfi við með aukinni hreinsun. Skulu niðurstöður vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Í strandsjávarvatnshlotinu skal starfsleyfishafi vakta líffræðilega gæðaþætti í strandsjó (nítrat, fosfat, blaðgrænu a, hryggleysingja á mjúkum botni og botnþörunga á hörðum botni) svo hægt verði að skera úr um álag og ástandsmeta vatnshlotið. Nánari lýsingu á mælingum og tíðni má finna í vöktunaráætlun en mælingar skulu hefjast á nýju almanaksári eftir útgáfu leyfis eða þegar starfsemi hefst. Komi í ljós að vatnshlotið uppfylli ekki umhverfismarkmið um a.m.k. gott vistfræðilegt og gott efnafræðilegt ástand skal starfsleyfishafi fara í aðgerðir til að draga úr álagi. Skulu niðurstöður vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Öll vöktun á að vera tilgreind í vöktunaráætlun sbr. gr. 5.1.

4.4 Skyrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. gr. 3.6.

4.5 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfis- og orkustofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfis- og orkustofnunar. Eftirlitsaðili getur veitt rekstraraðila heimild til að skila umhverfisupplýsingum sameiginlega með ársyfirliti sbr. gr. 4.4 en skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5 UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunaráætlun

Rekstraraðili skal hafa vöktunaráætlun þar sem tiltekin er vöktun á helstu umhverfispáttum í nágrenni eldisstöðvarinnar og útrásarinnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag sem starfsemin veldur á umhverfið. Vöktunaráætlunin tilgreinir alla þá vöktun og mælingar sem rekstraraðili á að framkvæma og er nákvæmari en lýsing í starfsleyfi.

Auk þeirrar vöktunar sem er tiltekin í gr. 4.3 skal vakta lífríki strandarinnar, m.a. fugla. Vöktun strandumhverfisins og gæða sjávar skal unnin sameiginlega með rekstraraðilum sem losa frárennsli til sjávar vestan Þorlákshafnar og er nánar útfærð í vöktunaráætlun.

Umhverfis- og orkustofnun getur tekið ákvörðun um að gera breytingar á fyrirkomulagi umhverfisvöktunar telji stofnunin að ástæða sé til og kallað eftir breytingum á vöktunaráætlun.

Rekstraraðili skal senda Umhverfis- orkustofnun niðurstöður skráninga og mælinga, sbr. gr. 4.1 og 4.3, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársyfirlits, sbr. gr. 4.4 ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu auk vöktunar sbr. gr. 5.1. Umhverfis- og orkustofnun geta krafist frekari mælinga ef þörf krefur. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfis- og orkustofnun samþykkir.

6 GJALDSKYLDA

Starfsemin fellur undir lið 2 í viðauka II laga nr. 7/1998 og lið 2 í viðauka IX reglugerðar nr. 550/2018. Rekstraraðili greiðir Umhverfis- og orkustofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna eftirlits skv. gjaldskrá stofnunarinnar.

7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til xx.xx.xxxx.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfis- og orkustofnunar skv. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík xx.xx.xxxx

Umhverfis- og orkustofnun

TILLAGA

VIÐAUKI

Um ákvörðun losunarmarka:

- i. Umhverfis- og orkustofnun hefur í gr. 3.4 sett viðeigandi losunarmörk á fosfór í frárennsli (10,0 kg/tonn). Samkvæmt gr. 7.2 í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns er slík losun eingöngu heimil ef hún er byggð á heimild í starfsleyfi og að í leyfinu séu sett losunarmörk. Ákvörðun markanna byggist á almennu mati á viðtaka og umfangi starfseminnar.
- ii. Skilyrði um útrásir þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka í gr. 3.5 eru samkvæmt ákvæðum fylgiskjals 1A. í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.
- iii. Mælingar á lífrænu efni í gr. 4.3 eru til upplýsinga en ekki til að uppfylla losunarmörk.